



## RVK-15208 Tilkyning um kæru nr\_ 92\_2025

Mótttekið	23.6.2025 10:33:19
Búið til dags.	23.6.2025 10:51:43
Tilheyrir	USK25060301 - Tilkyning um kæru nr. 92/2025 - Grundarland 22 - dagsektir
Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

### Innihald



uua@uua.is has just sent this issue

[Reykjavík / RVK-15208](#)

### Tilkyning um kæru nr. 92/2025

#### Description:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttokin 22. júní 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að leggja dagsektir á eigendur að Grundarlandi 22.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **þ. á m. fundargerðir, uppdrættir, umsóknir, samskipti við aðila máls og stofnanir**, og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkyningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf <https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-Hafliðadót-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cupplýsingar%40reykjavik.is%7C807d69afcd974a28ff8c08ddb23f924c%7C6aed0be3a6ff4>  
Pórunn  
tir,  
laganemi

Úrskurðar c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638862708745075140%7C  
nefnd Unknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB  
umhverfis 0eU1hcGkiOnRydWUsIIYiOilwLjAuMDAwMCIsIIAiOiJXaW4zMilslkF  
-og OljoiTWFpbCIsIldUljoyfQ%  
auðlinda 3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=ngW06l2hOZJID2nVtbfPZUQa  
mála ZdgCfO%2B0PZuuKbujlTM%3D&reserved=0]

Borgartún

i 21, 105

Reykjavík

, Iceland

Sími / Tel:

(+354)

5758710

[www.uua.is](http://www.uua.is)

is -

[Fyrirvari/

Disclaime

r



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

---

Samskipti í beiðni:

**uua@uua.is - Í dag 10:21**

[kæra 92.2025..pdf](#) (100 kB)

---

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: [uua@uua.is](mailto:uua@uua.is)

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud add-on

## Ólöf Þórunn Hafliðadóttir - UUA

---

**From:** Helga Thorisdóttir [REDACTED]  
**Sent:** 22 June 2025 19:46  
**To:** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA  
**Subject:** Kæra á álagningu dagsekta - Grundarland 22, bílskýli

Góðan dag.

Varðar:  
Kæru til uua nr. 20/2025  
Sjá einnig mál hjá byggingarfulltrúa nr. 24080176.

Kærð er hér með ákvörðun byggingarfulltrúa í Reykjavík frá föstudeginum 20.6. sl. um að leggja dagsektir á eigendur að Grundarlandi 22, eftir uppkveðinn úrskurð í fyrrgreindu máli, sbr. tölvupóst hér að neðan.

Vegna þessarar ákvörðunar viljum við eigendur að Grundarlandi 22 taka eftirfarandi fram:

Uppkveðinn úrskurður úrskurðarnefndarinnar, sbr. framangreint, var tilkynntur okkur með tölvupósti frá nefndinni 11.6. sl. kl. 14:24. Samdægurs hófum við niðurrif á skýlinu.

Föstudaginn 13.6. sl. fengum við bréf frá fulltrúa byggingarfulltrúa, þar sem bent var á að nýr upphafsdagur dagsekta væri 11.6., og óskað var upplýsinga um verklok á niðurrifi.

Sunnudaginn 15.6. upplýstum við fulltrúa byggingarfulltrúa um verklok, þ.e. að bílskýlið hefði verið rífið niður.

Það skal tekið fram að skýlið var bæði vandað og vel byggt og því heilmikið verk að taka það niður.

Föstudaginn 20.6. sl. fáum við síðan annað bréf frá fulltrúa byggingarfulltrúa, þar sem okkur er tilkynnt um að einnig hafi átt að taka niður geymslu við enda skýlisins. Þar sem það hafi ekki verið gert, þá hafi verið ákveðið að leggja á okkur dagsektir frá 11.6. sl.

Samdægurs því að við fáum að vita að geymslan hafi einnig átt að fara, þá brugðumst við við þeirri ákvörðun og rifum geymsluna, sbr. tölvupóst þar um hér að neðan.

Samtalið í þessu máli við Reykjavíkurborg hefur alltaf snúist um bílskýlið - engin bein athugasemd hefur snúið að geymslunni, og því töldum við að geymslan mætti standa, enda einungis um 6 fermetrar.

Það sést á framangreindum dagsetningum að við höfum sýnt mikinn samstarfsvilja eftir að niðurstaða lá fyrir í máli þessu.

Einfaldar leiðbeiningar frá byggingarfulltrúa um að geymslan ætti einnig að fara, hefðu að okkar mati verið eðlileg stjórnarsýsluframkvæmd og því mótmælum við því að skilyrði fyrir álagningu dagsekta liggi fyrir í máli þessu.

Samantekt á tímaramma:  
11.6.: niðurstaða uua  
15.6.: verklok á að rífa bílskýli  
20.6.: upplýst að geymslan eigi einnig að fara

20.6.: allt mannvirkið rifið

Virðingarfyllst  
Helga Þórisdóttir  
Theodór Jóhannsson

Sent from my iPhone

Begin forwarded message:

**From:** Helga Thorisdottir [REDACTED]  
**Date:** 20 June 2025 at 20:24:55 GMT  
**To:** Sesselja Theodórs Ólafsdóttir [REDACTED]  
**Cc:** Teddi [REDACTED]  
**Subject:** Re: Grundarland 22, bílskýli

Sæl.

Upplýsi hér með um verklok.  
Geymslan hefur einnig verið rifin.

Af gefnu tilefni skal tekið fram að geymslan var skilin eftir, eftir uppkvaðningu úrskurðar í síðustu viku, þar sem við skildum niðurstöðuna svo að það væri einungis bílskýlið sem ætti að rífa. Við töldum geymsluna í lagi, enda einungis 6 fermetrar.

Þegar það lá fyrir fyrr í dag að geymslan ætti einnig að fara, þá brugðumst við strax við þeirri ábendingu og rifum hana samdægurs.

Við skiljum eftir lítinn bút af vegg þar sem ætlunin er að setja upp girðingu.

Með kveðju  
Helga Þórisdóttir

Sent from my iPhone

On 20 Jun 2025, at 09:45, Sesselja Theodórs Ólafsdóttir  
[REDACTED] wrote:

Sæl verið,

Mál ykkar vegna mannvirkis á lóð nr. USK24080176 var tekið fyrir á afgreiðslufundi deildarinnar með byggingarfulltrúi í dag og var þar lögð fram mynd tekin í vikunni af mannvirki á lóð. Var það mat byggingarfulltrúa að ítrekar kröfu um að fjarlægja beri allt mannvirkið líkt og umgetur í kröfu hans frá 22. ágúst 2024. Ekki séu því forsendur að fella niður dagsektir þar sem ekki er búið að verða við kröfu byggingarfulltrúa. Óskað hefur verið eftir því við skrifstofu fjármála hjá Reykjavíkurborg að dagsektir verið settar í innheimtu.

Ef ætlun sé að setja smáhýsi á lóð þá þarf að gera það í samræmi við ákvæði 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 12/2012 og í samræmi við kröfur um brunavarnir. Skúrinn er of hár til að geta verið skilgreindur sem smáhýsi og hann er of nálægt aðliggjandi íbúðarhúsi nr. 24 að Grundarlandi.

Samkvæmt 9.7.6. gr. byggingarreglugerðar er eingöngu heimilt að setja smáhýsi á lóðir ef slíkt veldur ekki hættu fyrir nærliggjandi byggingar. Samkvæmt leiðbeiningum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þá er miðað við að fjarlægð milli smáhýsa innbyrðis og frá glugga eða hurð aðliggjandi húss sé 3,0 m. Að öðrum kosti þurfi að sýna fram á að brunamótstaða sé með þeim hætti að fullnægjandi brunahólfun náist á milli húsanna. Sýna þarf fram á að smáhýsið valdi ekki brunahættu fyrir nærliggjandi byggingu.

<https://www.byggingarreglugerd.is/leidbeiningar/smahysi>

Þá skal það tekið fram að óheimilt er að leggja bifreið þar sem áður var hluti mannvirkis eða skýli, en hægt er að leggja inn byggingarleyfisumsókn með ósk um breytingu á fyrri samþykkt við bifreiðargeymslu sem er áföst húsi og færa upp á húsi nr. 24. Áfram yrði samt gert ráð fyrir einu bílastæði á séreignarhluta lóðar við Grundarland 22 líkt og gildandi teikningar gera ráð fyrir.

F.h. byggingarfulltrúa

Með kveðju,  
Sesselja Theodórs Ólafsdóttir  
Sérfræðingur

Sími: +354 +354 411 1111  
Afnót og eftirlit  
Skrifstofa stjórnslu og gæða  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14  
105 Reykjavík

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: [www.reykjavik.is/trunadur](http://www.reykjavik.is/trunadur)

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Helga Thorisdóttir [REDACTED]

Sent: sunnudagur, 15. júní 2025 14:46

Til: Sesselja Theodórs Ólafsdóttir

[REDACTED] uua@uua.is; Teddi

Efni: Re: Grundarland 22, bílskýli

Sæl aftur.

Upplýsi hér með um verklok.

Skýlið hefur verið rifið niður.

Með kveðju

Helga Þórisdóttir

Sent from my iPhone

On 14 Jun 2025, at 13:55, Helga Thorisdóttir

[REDACTED] wrote:

Sæl.

Upplýsi hér með að niðurrif á bílskýli hófst sama dag og niðurstaða úrskurðarnefndarinnar lá fyrir.

Við erum að fá mannskap í verkið og stefnan er að verklok verði ekki seinna en næstu helgi.

Hvaða tímaramma höfum við áður en innheimta dagsekta hefst?

Með kveðju

Helga Þórisdóttir

Sent from my iPhone